

Starf, háttvísi, þroski og hamingja eru gildin í aldargamalli en síungri menntastofnun

# Ísaksskóli er hluti af hjarta Reykjavíkur

Sigurður Bogi Sævarsson  
sbs@mbl.is

„Afmælisárið og viðburðir þess eiga að verða hátíðlegir og í anda skólans. Agi, festa og hlýja hafa alltaf verið leiðarljós í starfinu hér og þeim gildum viljum við halda,“ segir Sigríður Anna Guðjónsdóttir, skólastjóri Skóla Ísaks Jónssonar. Flestum er raunar tamast að segja Ísaksskóli um stofnunina sem er föst stærð og mikilvæg í skólasamfélagi Reykjavíkur. Og senn víðar; samanber undirritun viljayfirlýsingar sem gerð var nýlega milli Ísaksskóla og Kópavogsbæjar um undirbúning og rekstur skóla í Vatnsendahverfi. Það verður samrekin leik- og grunnskóli fyrir leikskólabörn og nemendur í 1.-4. bekk. Áætlað er að hann taki til starfa haustið 2029.

## Agi, vinnusemi og virðing

Öld er nú liðin frá því stofnandinn Ísak Jónsson (1898-1963) stofnaði til þessarar starfsemi, það er skóla fyrir 5½-8 ára börn þar sem hann beitti nýjum kennsluáferðum. Ísaksskóli var víða til húsa á fyrstu áratugum starfseminnar og fyrirkomulag kennslunnar með öðrum hætti en nú. Síðan hélt Ísak, meðfram skólanum, einkonar námskeið í vetrarlok, vorskóla, það er á árunum 1928-1940 og 1944, þar sem börnunum var kennt að lesa – svo mikilvæg sem sú undirstaða er fyrir lífið fram undan. Í núverandi húsakynni við Bólstaðarhlíð var flutt upp úr 1950. Skólinn er sjálfseignarstofnun og starfsmenn eru 62, þar af 26 kennarar.

„Ísaksskóli hefur alla tíð verið þekktur fyrir sterka undirstöðu í námi, aga, vinnusemi og virðingu. Ég hef stýrt skólanum frá árinu 2009 ásamt einstökum hópi starfsmanna sem halda uppi þeim hefðum og vinnubrögðum sem einkennt hafa skólann alla tíð,“ segir Sigríður Anna. Anda og áherslur stofnandans segir hún alltaf vera nærri í starfinu enda séu þær góðar.

„Ísak lagði strax áherslu á hljóða- aðferðina í lestri sem hann kynntist á Norðurlöndunum og heimfærði upp á íslenskuna. Við höfum aldrei hvíkað frá þeirri nálgun, því hún einfaldlega virkar. Agi, festa og hlýja hafa alltaf verið leiðarljós. Og einkunnarorðin sem Ísak valdi skólanum eru starf, háttvísi, þroski og hamingja. Þau eru enn og verða hluti af daglegu starfi.“

## Ísaksskóli kom til mín

Sigríður Anna á langan feril að baki við skólastarf. Hún var grunnskólakennari í meira en 20 ár og tók svo meistaranám í stjórnun menntastofnana. Eftir það hóf hún störf hjá SVP og var þar í þrjú ár. Eitt af því sem hún gerði þar var að fá SSSK – Samtök sjálfstæðra skóla inn í SVP. SSK, áður SSSK, hafa æ síðan átt heimahöfn innan SVP og hafa samtökin unnið þétt með þeim í baráttunni fyrir réttlátum og sanngjörnum kjörnum sjálfstæðra skóla.

„Ég var sátt í mínu en Ísaksskóli kom eiginlega til mín. Ég hafði enga tengingu inn í skólann en þekkti marga sem höfðu verið nemendur skólans og ég fann strax að þetta væri eitthvað fyrir mig. Ég hef aldrei heyrt neinn tala illa um Ísaksskóla, sem margir segja að sé hluti af hjarta Reykjavíkurborgar. Því er ég alveg sammála.“

## Sterk tengsl margra fjölskyldna við skólann

Nemendur í Ísaksskóla í dag eru 280, í 5 ára deild og í 1.-4. bekk. Börnin koma víða að af höfuðborgarsvæðinu, samanber að í mörgum fjölskyldum er sterk tenging við skólann og ekki kemur annað til greina en börnin nemi þar. Starfsdagurinn í skólanum hefst kl. 8:30 á morgnana og stendur fram til um 14. Þá tekur fristundastarfið við.



Kennslustund Alls eru nemendur um 280, þeir yngstu fimm ára gamlir.



Vordagur Leikur á lóð skólans sem er við Bólstaðarhlíð í Reykjavík.



Morgunblaðið/Eggert

**Skólastjóri Góður skóli er rólegur, öruggur og skýr. Börn þurfa að vita til hvers er ætlast af þeim í umhverfi þar sem þau vaxa og dafna, segir Sigríður Anna. Hún hefur stýrt starfi skólans frá 2009, en á að baki langan kennaraferil.**

Öll börnin, meira og minna, eru í frí- stundum og margt í boði alla daga. Kór, skák, jóga, forritun og táknað eru dæmi um úrvalið. Þegar liður á daginn fara síðan mörg þeirra með rútu í Valsheimilið að Hlíðarenda og eru sótt þangað af foreldrum þegar íþróttæfingum lýkur.

„Góður skóli er rólegur, öruggur og skýr. Börn þurfa að vita til hvers er ætlast af þeim í umhverfi þar sem þau geta vaxið og dafnað. Í Ísaksskóla eru farsimar til dæmis ekki stórt mál. Þeir eru einfaldlega bannaðir og hafa alltaf verið. Ef börnin þurfa að hafa síma með sér fyrir tímann eftir að skólanum lýkur þá á að vera slökkt á þeim og þeir geymdir á botni skólatöskunnar. Við erum mjög meðvituð um að skapa gríðastað. Börn eiga rétt á ró, öryggi og einbeitingu,“ segir Sigríður Anna og heldur áfram:

„Við styrkjum sjálfsmynd barnanna og mætum börnunum þar sem þau eru stödd og leiðum þau markvisst áfram í átt til aukinnar færni og þroska. Læsi hvort heldur er á samfélagið eða bókina er hér útgangspunkturinn. Grunnfærni í lestri skiptir miklu máli; ef barnið ræður ekki við lesturinn bitnar það á öllu öðru. Við erum með stöðugt faglegt starf, einstaklingsmiðaða eftirfylgni og mjög sterkt samstarf við foreldra. Stærðfræðin er líka þýðingarmikil og skriftarkennslan. Tungumálakennsla kemur hér líka sterk inn; enskukennsla hefst í 5 ára deild og spænska í 1. bekk.“

## Skapandi starf

Skapandi starf hefur einkennt starfið í Ísaksskóla. Sköpun, leikur, hreyfing og listir eru stór hluti af skóladögnum og svo söngurinn. Ísak hafði trú á að söngur hefði áhrif á málþroska og félagsfærni og því hefur aldrei verið mótmælt. Sungið

er á hverjum degi í öllum bekkjum. Tvisvar í viku er söngur á sal og á föstudögum mæta margir foreldrar

og aðstandendur í sönginn. Þegar best lætur gefa 300-400 manns sér tíma til að staldra við og hlusta á

## Hver er hún?

• Sigríður Anna Guðjónsdóttir er fædd árið 1959. Hún er grunnskólakennari að mennt og starfaði lengi við Melaskóla í Reykjavík, Flataskóla í Garðabæ og síðast Snælandsskóla í Kópavogi. Eftir nokkurra ára starf hjá Samtökum verslunar og þjónustu – SVP – var Sigríður Anna ráðin skólastjóri Ísaksskóla árið 2009 og hefur gegnt því starfi síðan.

sönginn. Og enginn syngur nema í góðu skapi sé er oft sagt og sú stað- hæfing á vel við í þessu samhengi.

## Lög fyrir lífstíð

„Það má heyra saumnál detta áður en píanóleikarinn byrjar á nýju lagi. Það er ótrúlegt að upplifa 280 börn í algerri kyrrð og einbeitingu. Þetta eru töfrar. Við syngjum ógrynni laga á einu skólaári og börnin læra þau öll fyrir lífið. Á skólaslitum á vorin syngja 9 ára nemendur þjóðsönginn ein við útskrift. Þetta er hluti af hjarta skólans. Að vera nálægt börnum og góðu samstarfsfólki alla daga eru forréttindi. Ísaksskóli er einstakur staður og það er heiður að fá að leiða þetta fallega samfélag,“ segir Sigríður Anna að síðustu.

**Intuens**  
Framtíð heilsu þinnar

**Heilskoðun**  
Örugg, einföld og ítarleg  
300.000 kr.  
(greiðsludreifing í boði)

Skannaðu kóðann og bókaðu tíma

**Páll Kolka**  
Að fjárfesta í heilskoðun hjá Intuens er ein af betri fjárfestingum sem ég hef gert.

Intuens Segulómun ehf. | Brautarholt 26 | S. 546 5080 | intuens@intuens.is | intuens.is